



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn frá Flokki fólksins um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Á fundi velferðarráðs 9. október 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það bíða 168 einstaklingar með fötlun eftir húsnæði. Hér gæti verið um margra ára bið. Í svari við fyrirspurn um biðlista er talað um húsnæði sem losnar. Borgarfulltrúa Flokks fólksins fýsir að vita nánar um þetta, í hvaða tilfellum eru íbúðir að losna? Hvað hafa margar íbúðir losnað síðustu 3 ár?

Svar við fyrirspurn.

Talað er um íbúðir sem losna þegar sá einstaklingur sem þar hefur búið leigir ekki lengur húsnæðið þ.e. búsetu viðkomandi lýkur og unnt er að bjóða öðrum húsnæðið. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki svo sem flutningar, breyttar þjónustuparfir eða andlát.

Frá því í byrjun árs 2016 til 1. október 2019 hafa 75 íbúðir eða í sumum tilvikum herbergi (á sambýli) skipt um leigjendur.

Alls hafa 19 manns látist á þessu tímabili (og bjuggu 12 af þeim í herbergjasambýlum). Það hafa 5 einstaklingar flutt úr húsnæði fyrir fatlað fólk á hjúkrunarheimili. Hjá 16 einstaklingum hefur búsetu lokið vegna breytinga, t.d. hafa 2 herbergjasambýli verið lögð niður og fluttu viðkomandi einstaklingar í íbúðir í íbúðakjarna. 10 einstaklingar hafa búið í svokallaðri búsetuendurhæfingu, þ.e. þeir flytja þangað að heiman til að undirbúa sig fyrir sjálfstætt líf og hafa annað hvort flutt í íbúðir í íbúðakjarna eða í húsnæði með stuðningi. 18 einstaklingar hafa flutt vegna breyttra þjónustuparfa í annað húsnæði fyrir fatlað fólk.

Sjö einstaklingar hafa síðan farið úr íbúðum og í fangelsi eða í húsnæði fyrir heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri